

# NÝSKÖPUNARDAGUR



## HINS OPINBERA

2022 - 17.05

### DAGSKRÁ

Kynnir: Birta Kristín Helgadóttir

8:30

#### Morgunhressing

9:05

#### Opnun

Bjarni Benediktsson

Fjármálaráðherra

### Græn nýsköpun

Hvað getum við gert?

#### Tækifæri í grænni nýsköpun

Hugvekja um möguleikana sem felast í grænni nýsköpun hjá hinu opinbera

#### Sveinn Margeirsson

Verkefnastjóri Nýsköpun í norðri

#### Straumur 1: Fjarlausnir í opinberri þjónustu

Hvernig spörum við okkur sporin – og sköpum aukið virði í leiðinni?

#### Hvaða grænu áhrif getur stafræn umbreyting haft hjá hinu opinbera?

Samtal milli Stafræns Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga um hvaða verkefni eru í gangi og græn áhrif þeirra.

#### Gunnar Ingi Reykjalin Sveinsson

Vörustjóri hjá Stafrænu Íslandi

#### Fjóla María Ágústsdóttir

Leiðtogi stafræns þróunarteymis hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

#### Mun fólk flytja störf? – Framboð og eftirspurn óstaðbundinna starfa

Margir kynntust fjarvinnu í faraldrinum, en hefur fólk áhuga á að sinna starfi sínu að öllu leyti óháð staðsetningu? Hver er staða aðgerðarinnar um óstaðbundin störf?

#### Porkell Stefánsson

Sérfræðingur á þróunarsviði hjá Byggingastofnun

#### Fjarlækningar hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Efling sérfræðiþjónustu innan starfssvæðis Heilbrigðisstofnunar Suðurlands m.a. með fjarlækningum.

#### Sigurður Böðvarsson

Framkvæmdastjóri lækninga og sjúkrasviðs HSU

#### Straumur 2: Grænar áherslur í stefnumörkun hins opinbera

Stórar ákvarðanir um framtíðina – markvissar aðgerðir í dag

#### Græna planið – Reykjavík í átt að kolefnishlutleysi

Í erindinu verður gefin innsýn inn í Græna planið og hvernig þessi stefna Reykjavíkur til 2030 styður við vegferð borgarinnar í átt að kolefnishlutleysi. Gefin verða dæmi um það hvernig Græna planið getur ýtt undir nýsköpun innan borgarinnar, aukið samstarf þvert á stjórnsýslu, atvinnulíf og þátttöku íbúanna í mótun grænnar framtíðar, laðað að sér öflugt fólk og hugmyndir og skapað enn meiri drifkraft fram á við.

#### Hulda Hallgrímsdóttir

Verkefnastjóri í loftslagsverkefnum hjá Reykjavíkurborg

#### Jarðvarmatengd nýsköpun

Nýsköpun er nauðsynleg framþróun og hjá ON tökum við virkan þátt í grænni nýsköpun þar sem eitt af okkar markmiðum er að nýta en ekki sóa. Jarðhitagarður ON er öflugur vettvangur fyrir umhverfismeðvituð fyrirtæki sem vilja nota strauma frá Hellisheiðarvirkjun í sínum rekstri og stuðla að hringrásarhugsun. Til að efla enn frekar að nýsköpun, þá hefur þátttaka í rannsóknarverknum verið mikilvæg. Þessi þátttaka hefur aukið meðal annars arðsemi og unnið okkur í áttina að kolefnishlutleysi.

#### Kolbrún Ragna Ragnarsdóttir

Nýsköpunarstjóri ON

#### Vistvæn skilyrði í opinberum innkaupum

Sagan af Völundi, sem síðar varð að Mölundi, er dæmi um hvernig hugmynd að nýsköpun hjálpar framkvæmdaraðilum að draga úr kolefnislosun til muna með snjallri lausn sem má setja sem valkröfu í útboðum, samfélaginu til heilla.

#### Helena Rós Sigmarsdóttir

Lögfræðingur hjá Ríkiskaupum

#### Sterkari saman – markviss samvinna í sjálfbærni

Fjallað um hugmyndafræðina á bak við samvinnu í sjálfbærni á landsvísi og stuttleg yfirferð á helstu verkefnum (Orkidea, Eimur, Blámi).

#### Haraldur Hallgrímsson

Forstöðumaður viðskiptaþróunar hjá Landvirkjun

#### Snjallari úrgangslausnir í Skaftárhreppi – tilraunaverkefni

Skaftárhreppur vinnur að þróun nýrra lausna við úrgangsstjórnun og PAYT kerfis sem getur hentað jafnt í þéttbýli sem dreifbýli. Um leið er unnið að því að skapa verðmæti fyrir íbúa og fyrirtæki á flokkaðri hrávöru.

#### Sandra Brá Jóhannsdóttir

Sveitarstjóri Skaftárhrepps

12:00 – 13:00

#### Hádegishlé

Matarbílar í portinu

Frumkvöðlabásar við gróðurvegginn

### Af hverju nýsköpun – reynslusögur

Hver var áskorunin?

Hvaða nýsköpun átti sér stað?

Hvaða ávinning skilaði nýsköpunin fyrir starfseminna?

#### Nýsköpunargáttin

Nýsköpunargáttin verður lífandi og samfélagsdrifin gátt fyrir frumkvöðla, fræðslu- og stuðningsaðila og aðra hagaðila, sem saman skapa vistkerfi nýsköpunar á Íslandi. Tilgangur gáttarinnar er styðja við fyrstu skref frumkvöðla með því að miðla með skýrum hætti upplýsingum um þau skref sem taka þarf við framþróun hugmynda og þau úrræði sem í boði eru.

#### Anna Einarsdóttir

Sérfræðingur hjá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu

#### Tæknisetur fyrir áþreifanlega nýsköpun

Að byggja upp sérhæfðan tækjabúnað og aðstoðu getur verið hár þröskuldur fyrir sprota og frumkvöðla sem stunda áþreifanlega nýsköpun. Nýstofnað Tæknisetur hefur fengið það hlutverk að lækka þann þröskuld.

#### Guðbjörg Hrönn Óskarsdóttir

Framkvæmdastjóri Tæknisetsurs

#### Landspítalaapp - skjólstæðingurinn í öndvegi

Landspítalaappið er smáforrit í boði Landspítala. Appið er í þróun og verið er að innleiða það á spítalanum í nokkrum áföngum. Í appinu birtast upplýsingar er varða dvöl þína á spítalanum. Vorið 2020 spratt upp sú hugmynd að færa gögn og upplýsingar innri kerfa nær sjúklingum og aðstandendum. Farið verður yfir áskoranir og afurð nýsköpunarverkefnis.

#### Adeline Tracz

Verkefnastjóri nýþróunar hjá Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild Landspítala

#### Þegar allir leggjast á eitt - árangursríkt samstarf stofnana við forskráningu úkraínskra umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu fjölgaði umsóknum um alþjóðlega vernd verulega og ljóst var að ekki myndi nægja að fjölga bara starfsfólki til að anna þessari aukningu. Til að bregðast við þessari áskorun og samhliða auka nauðsynlega upplýsingaöflun fóru Landlæknir, Lögregla, Útlendingastofnun og Þjóðskrá í það verkefni að gera umsækjendum kleift að forskrá umsókn sína og tryggja hröðustu mögulegu afgreiðslu umsókna.

#### Rannveig Þórisdóttir

Sviðsstjóri hjá embætti ríkislögreglustjóra

#### Velferðartækni í Heimabjónustu Reykjavíkurborgar

Framundan eru stórar áskoranir í samfélaginu með breyttu samfélagsmynstri, öldrudum fjölgar hratt hlutfallslega og við það eykst þörf á heilbrigðisþjónustu. Velferðartækni er eitt af þeim úrræðum sem geta aðstoða fólk við að lifa sjálfstæðu lífi við góð lífsgæði og góða heilsu eins lengi og kostur er.

#### Kristín Sigurðardóttir

Verkefnastjóri velferðartæknismiðju Reykjavíkurborgar

#### Stafræn.sveitarfelog.is

Vefsíðan stafræn.sveitarfelog.is er stuðningur við sveitarfélög í sinni stafrænu vegferð. Þar er meðal annars að finna lausnir og reynslusögur af stafrænum lausnum sem geta einfaldað líf íbúa sveitarfélaga, lækkað kostnað hjá sveitarfélögum ásamt því að bjóða umhverfisvænni lausnir en áður hafa verið notaðar.

#### Hrund Valgeirsdóttir

Verkefnisstjóri í stafrænni umbreytingu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

#### Nýsköpun og tækninýjungar í heilbrigðisþjónustu

Nýsköpun er oft falin í mörgum tilraunaverkefnum sem mörg hver gefa af sér frábæran árangur. Heilbrigðisráðuneytið kynnir aðkomu þess að nýsköpun og tækninýjungum í heilbrigðisþjónustu.

#### Ásta Valdimarsdóttir

Ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytis

16:00

#### Skál fyrir nýsköpun!

Búbbur og fögnuður í boði skipuleggjenda Nýsköpunardagsins:

- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Fjármálaráðuneytið
- Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
- Stafrænt Ísland
- Sprota- og nýsköpunarsjóðurinn Kría
- Ríkiskaup

Aðgangseyrir í Grósku: 3.900 kr.  
Aðgangur að streymi 1.900 kr.